

Veruleikaflótti ESB-aðildarflokkanna heldur áfram

Eftir Björn Bjarnason

Erna Bjarnadóttir, aðstoðar-framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, tók þátt í ESB-aðlögunarviðræðunum. Hún er eindregin í andstöðu við ESB-aðild og segir í nýjasta tölublaði Bændablaðsins frá 26. mars:

„Í ljósi þessa [skilyrða ESB í aðlögunarviðræðum við umsóknarríki] er það rökrétt ályktun að í raun var það ESB sem sleit aðlögunarviðræðunum við Ísland þegar sambandið skilaði ekki rýniskýrslu um sjávarútvegskaflan eftir seinni rýnifundinn í mars 2011. ESB vissi sem var að Ísland myndi ekki fallast á opunarskilyrði ESB um að setja fram tímasetta áætlun um hvernig Ísland myndi taka upp Evrópulöggjöfina í sjávarútvegi. Vert er að minna á að slíkt opunarskilyrði var einmitt sett fram fyrir landbúnaðarkaflan.

Þeir sem vilja að viðræðum verði haldið áfram til að þjóðin geti fengið að kjósa um samning verða því fyrst að

skýra hvernig aðlögunarviðræðurnar geta hafist að nýju. Svárið er augljóst: Að fallið verði frá þeim sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni sem koma fram í álit meirihluta utanríkismálanefndar í júlí 2009. Það verður fróðlegt að sjá þá sem greiddu þeirri þingsályktun [16. júlí 2009] atkvæði sitt, samþykkja slíka stefnubreytingu

6 árum síðar.“

Í stað þess að ræða þetta efnislega grundvallaratriði hafa ESB-aðildarflokkarnir kúvent og vilja nú að rætt sé um tillögu sína um að ekki verði meira rætt við ESB nema þjóðin samþykki það í atkvæðagreiðslu. Tillögu um þetta felldu flokkarnir á alþingi 16. júlí 2009 (30:32).

Athyglisvert er að enginn sakar ESB-aðildarflokkana um að svíkja kosningaloforð þótt þeir vilji nú allt annað en þeir boðuðu fyrir þingkosningar 2013 þegar þeir töluðu fyrir framhaldi viðræðna sem slegið hafði verið á frest af Össuri Skarphéðinssyni umsóknarráðherra.